



Reykjavík, 4. júní 2024

MSS24020072

Íbúaráð Grafarvogs
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Samantekt íbúafundar borgarstjóra í Grafarvogi

Borgarstjóri hélt opna íbúafundi í 10 hverfum borgarinnar í vor þar sem boðið var upp á opið samtal við íbúana í hverfunum. Farið var yfir hvað væri gott í hverfunum og hvað mætti betur fara. Fundirnir voru haldnir í grunnskólum og samkomustöðum í hjörtum hverfanna. Fundirnir voru vel sóttir og alls staðar voru barnahorn.

Fjöldmargar hugmyndir komu frá borgurunum sem fara sína leið í kerfinu og einhverjar munu komast til framkvæmda. Hjalagt er samantekt íbúafundar borgarstjóra í Grafarvogi sem send er íbúaráði Grafarvogs til upplýsinga, umræðu og umfjöllunar.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari

Hjalagt:
Samantekt íbúafundar borgarstjóra í Grafarvogi

Samantekt íbúafundar borgarstjóra í Grafarvogi 27. janúar 2024

Borgarstjórinn í Reykjavík hélt opinn íbúafund í Rimaskóla þann 27. janúar 2024 þar sem boðið var upp á samtali íbúa og borgarstjóra. 90 manns sóttu fundinn.

Borgarstjóri opnaði fundinn og kynnti fyrirkomulag. Áhersla væri á þátttöku gesta með annarsvegar umræðu í hópum og hins vegar í formi könnunar á forritinu Menti þar sem hver og einn fundargestur gæti sett inn sínar áherslur og tekið þátt í að mynda orðaský sem birtist á skjá. Í framhaldi af því væri orðið gefið laust og fólk gæti betur útskýrt málið fyrir öllum fundagestum, auk þess sem starfsfólk borgarinnar gæti betur tekið niður ábendingar.

Hvað er það besta við Grafarvog?

Gestir voru spurðir hvað væri það besta í þeirra nærumhverfi.

Gestir nefndu langlestir náttúruna og útivistarsvæði sem það besta í þeirra hverfi. Þá var einnig talað um að hverfið væri rólegt, þar væri lágrest byggð og lítill þéttleiki. Hverfið væri barnvænt og þar væri öflugt íþróttastarf. Gestir voru almennt ánægðir með félagsstarf eldri borgara í Grafarvöginum, þeim finnst sundlaugin góð og töluverður fjöldi nefndi að skólakerfið væri gott.

Orðaský fundargesta:

Hvað er það besta í þínu nærumhverfi?

92 responses



- Úrbætur á hundagerði í Staðarhverfi
- Klára göngu- og hjólastíg eftir Korpuá og tengja upp að Úlfarsfelli
- Saltkistur í Gufunes
- Setja upp sjósundaðstöðu